

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 402/1995.

### **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

### **Þorra Jóhannssyni**

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Áfrýjun opinbers máls. Áfrýjunarheimild. Áfrýjunarleyfi. Frávísun máls frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1995. Í stefnunni segir meðal annars, að ákærði hafi áfrýjað héraðsdómi til endurskoðunar og lækkunar á ákvörðun refsingar, en jafnframt þyki þá rétt, að dóminum verði áfrýjað af ákærvaldsins hálfu.

Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða samkvæmt héraðsdómi verði þyngd, en staðfest verði ákvæði dómsins um upptöku fíkniefna og tækja.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa.

### **I.**

Við uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms var bókað í þingbók, að ákærði væri staddur á dómþingi og óskaði eftir að áfrýja dóminum til Hæstaréttar til mildunar refsingu. Í gögnum málsins liggur þetta eitt fyrir um yfirlýsingar ákærða um áfrýjun héraðsdóms.

Í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem henni var breytt með 11. gr. laga nr. 37/1994, er sú óundanþæga regla, að ákærði verði að lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms innan áfrýjunarfrests í bréflægri tilkynningu til ríkissaksóknara. Gildir þessi regla án tillits til þess, hvort ákærði sækir þing við dómsuppsögu eða hverju hann kunni að lýsa þar yfir.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, hefur ákærði ekki látið frá sér fara yfirlýsingu um áfrýjun héraðsdóms í þeim búningi, sem

mælt er fyrir um í lögum. Voru því ekki skilyrði til, að ríkissaksóknari gæfi út stefnu til áfrýjunar af hendi ákærða. Á hinn bóginn verður að skilja orðalag áfrýjunarstefnunnar svo, að héraðsdómi sé áfrýjað sjálfstætt af ákærvaldsins hálfu. Leiðir því umræddur annmarki á áfrýjuninni ekki til frávísunar málsins í heild frá Hæstarétti.

## II.

Í hinum áfrýjaða dómi var ákærði dæmdur til að greiða 200.000 króna sekt í ríkissjóð að viðlagðri vararefsingu, 35 daga varðhaldi, og sæta upptöku tiltekins magns fíkniefna svo og áhalda, sem tengjast neyslu þeirra, auk þess að greiða sakarkostnað. Samkvæmt 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/1994, verður áfellisdomi, þar sem ákærði er hvorki ákveðin frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka, sem fer fram úr áfrýjunarfjárhæð í einkamálum, aðeins áfrýjað til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins. Fjárhæð sektar á hendur ákærða samkvæmt héraðsdómi nær ekki áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994, og hafa munir, sem þar sæta upptöku, ekki verðgildi í þessu sambandi. Áfrýjunarleyfis hefur ekki verið aflað. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eins og málið liggur fyrir, verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að því sé áfrýjað til Hæstaréttar eingöngu af hálfu ákærvalds. Verður því allur áfrýjunarkostnaður málsins lagður á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda ákærða, sem skipaður var til starfans 6. desember 1995, svo sem nánar greinir í dómsorði.

## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.